

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um útbýting 2 búnaðarrita.* — Hið 12  
konunglega landbúnaðurfjelag í Kaupmannahöfn hefir sent mjer til útbýtingar á Íslandi 23. jan.  
2 danskar ritgjörðir eptir

1. P. Feilberg inspektor um jarðveg og loptslag á Íslandi og eptir
2. Svein búfræðing Sveinsson um landbúnað á Íslandi.

Um leið og jeg get þess, að hjeðan hafi verið sent öllum alþingismönnum sitt exemplar hverjum af þessum riflingum, vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að útbýta í yðar umdæmi þeim (s. & v. 30 n. & a. 20) exemplörum, er yður verða send með þessum pósti.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um bólusetjarastörf presta.* — Um brjef yðar, 13  
herra biskup, frá 7. f. m., þar sem þjer samkvæmt tillögum hjeraðsfundar í Norður- 2. febr.  
Múlasýslu skjótið því til mín, að gjöra ráðstöfun til þess, að prestar verði losaðir við þá skyldu, að hafa á hendi bólusetjarastörf í sóknum sínum, hefi jeg meðtekið álit hins setta landslæknis, og vil jeg nú tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að sökum strjálbyggðar landsins og víðáttu læknisumdæmanna virðist mjer ekki ráðlegt að leggja það til, að stjórnin komi fram með frumvarp til laga um breytingu í nefnda átt á konungsbrjefi frá 24. marz 1830 um bólusetningar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 14  
samning við ættingja þurfalings.* — Með úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu 2. febr.  
frá 12. desbr. 1876 var Árni nokkur Sigurðsson úrskurðaður sveitlægur í Austur-Land-  
eyjahreppi, og hreppur þessi skyldaður til að greiða hæfilegt meðlag með honum frá  
vordögum 1875; en með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30 septbr. 1879, var þessi  
úrskurður úr gildi felldur, og ákveðið, að Árni skyldi eiga framfærzlusveit í Vestur-  
Landeyjahreppi. Oddviti hreppsnefndarinnar í síðarnefndum hreppi hefir nú áfrýjað  
hingað úrskurði yðar, og vil jeg, eptir að jeg hefi meðtekið þær ítarlegri skýringar og  
rjettarpróf um þetta mál, er jeg beiddist 15. septbr. 1880, tjá yður það, er nú segir, til  
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Um árið 1856 varð Árni, sem þá var 49 ára gamall, sveitarþurfi. Hreppstjór-  
inn í Austurlandeyjum, þar sem Árni þá átti vafalausan framfærzlurjett, tók því undir  
sig eigur hans, seldi þær á uppboði og ráðstafaði honum sjálfum, en eptir það var  
hann brjáláður, „svo að til vandræða horfði“. Hann átti nú systur, gipta bóndanum á  
Yttriólí í Vesturlandeyjahreppi Sigurði Sigurðssyni, og með því að helzt var von á, að  
Árni myndi una sjer þar, fóru þeir hreppstjórinn í Austurlandeyjahreppi og presturinn  
þess á leit, að Sigurður, er bjó við allgóð efni, tæki hann á heimili sitt, og hefir Sig-  
urður, er dó áður en skýrsla hans gat orðið eiðfest, borið fyrir rjetti, að hann hafi  
gjört það að skilyrði fyrir því, að Árni fengi að vera á Yttriól, að hann án tillits til  
þess, hve lengi hann dveldi þar, hjeldi framfærzlurjetti sínum í Austurlandeyjahreppi,  
og að prestur og hreppstjóri þá hafi lofað, að Austurlandeyjahreppur skyldi taka við  
Árna, hvenær sem mágur hans og systir gæfust upp á að halda hann. Um þetta var  
ekki gjörður neinn brjeflegur samningur, en 2 menn, sem viðstaddir voru. þá er Árna  
var komið fyrir á þennan hátt, hafa fyrir rjetti staðfest framburð Sigurðar um þetta,  
og annar þeirra hefir síðan unnið eið að framburði sínum í málinu. Sömu leiðis hefir